

Sp.

25. Tillaga til þingsályktunar

[25. mál]

um vélar og verkfæri til vega- og hafnagerða.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, í samráði við vegamálastjóra og hafnarmálastjóra, fara fram athugun á því, hvað tiltækt er af fullkomnum og hentugum vélum og verkfærum til vega- og hafnagerða hér á landi og hvernar viðbótar sé þörf af þeim tækjum, til þess að í öllum héruðum landsins sé hægt að vinna að slíkum framkvæmdum með sem hagkvæmustum aðferðum. Síðan sé unnið að því að afla, svo fljótt sem unnt er, nýrra og fullkominna tækja, eftir því sem rannsóknin sýnir að þörf sé fyrir.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa orðið verulegar breytingar á vinnubrögðum við opinberar framkvæmdir hér á landi, svo sem vega- og hafnagerðir. Í stað ófullkominna verkfæra, sem áður voru notuð, hafa nú verið tekin í notkun vélknúin tæki, svo sem uppmoksturstæki, jarðýtur, skurðgröfur og bifreiðar. Afköst við nýbyggingar og viðhald veganna fara nú fyrst og fremst eftir því, hvort slík hentug og stórvirk tæki eru notuð við framkvæmdirnar eða ekki, og svo er einnig við hafnabyggingar. Skiptir því miklu máli, að slík tæki séu til notkunar í öllum héruðum landsins, svo að sem mest fáið unnið fyrir það fé, sem árlega er veitt til framkvæmdanna.

Þrátt fyrir þær framfarir, sem orðið hafa í þessum efnunum, mun þó enn skorta á, að hvarvetna sé kostur á hentugum tækjum til framkvæmdanna. Í tillögu þeirri, sem hér er fram borin, er því lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að láta fara fram athugun á því, hvað tiltækt er af fullkomnum vélum og tækjum til þessara framkvæmda og hve mikils þurfi að afla af þeim til viðbótar, svo að fullnægt verði þörfinni fyrir slík tæki. Meðal annars, sem taka þarf til athugunar, er þörfin fyrir stærri tæki en nú eru notuð, t. d. stóra vagna til flutninga á ofaniburði í vegi.

Þá er og lagt til, að unnið verði að því að afla sem fyrst þeirra nýrra véla og tækja, sem rannsóknin kann að leiða í ljós að þörf sé fyrir.